



Ríkiskyrkja og fríkyrkja.

Hjá flestum þjóðum heimsins hafa trúarbrögðin einhvern tíma staðið undir vernd ríkisins. Það fyrirkomulag, að trúarbragðastofnanir séu að öllu leyti óháðar ríkjunum og stjórnnum þeirra, og njóti enngar verndar frá þeim, er tiltölulega nýtt í heiminum. Trúarbrögðin, aftur á móti, eru í sjálfum sér svo gömul, að hvergi verður komist fyrir fyrstu upptök þeirra; og ríkið, ef það orð er látið þýða stjórnarfaralega heild af hvaða lagi sem er, er afargömul stofnun.

Meðal fornþjóðanna, sem hafa eftir skilið heiminum sögu sína, voru trúarbrögðin einn hluti þjóðfélagsstofnunarinnar; þau voru ekki nákvæmlega greind frá því, sem var stjórnmal. Með öðrum orðum: Trúarbrögðin stóðu í sambandi við ríkið. T. d. hjá Babýlóníumönnum varð guðinn Mardúk, sem upprunalega var að eins tilbeiðinn í borginni Babýlón, að aðalguði þjóðarinnar, eða ríkisins, þegar Haumúrabi konungur gerði Babýlón að höfuðborg ríkis síns. Gyðjan Aþena var upprunalega verndargyðja Aþenuborgar, en með tímanum varð hún verndargyðja margra annara borga, og tilbeiðsla hennar var sett í samband við stjórn borganna. Í rómverska ríkinu var öllum þegnum